

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 394/1996.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

**Sesley Gregory Smith og
Brian Keith Tiner**

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Ákæra. Auðgunarbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. október 1996, þar sem máli ákærvaldsins á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi, en í kæru kveður sóknaraðili sér fyrst hafa orðið kunnugt um úrskurðinn 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í a-lið 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa verið lagðar fram upplýsingar frá Flugleiðum hf., sem þeir telja staðfesta, að innkaupsverð þess áfengis, sem þeim er gefið að sök að hafa stolið úr vörugæmslu félagsins á Keflavíkurflugvelli 7. apríl 1996, nemi 4.262 krónum. Gegn þessu hefur sóknaraðili ekki leitt að því líkur, að tjón af ætluðu broti varnaraðila nái þeim 7.000 krónum, sem um ræðir í 2. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem ekki er heldur sýnt fram á, að um aðrar heimildir fyrir saksókn, sem í ákvæði þessu greinir, sé að ræða í málinu, verður ekki talið, að skilyrði hafi verið fyrir að höfða það. Niðurstaða hins kærða úrskurðar verður því staðfest um önnur atriði en sakarkostnað, en samkvæmt 166. gr. svo og lögjöfnun frá 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður hann felldur á ríkissjóð vegna meðferðar málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en sakarkostnað.

Sakarkostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 100.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. október 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 2. október 1996, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 19. ágúst 1996 og birtri og þingfestri 26. september 1996, á hendur Sesley Gregory Smith, Byggingu 952-2 i, Keflavíkurflugvelli, fæddum 8. júlí 1965, og Brian Keith Tiner, Byggingu 744, Keflavíkurflugvelli, fæddum 17. janúar 1975, fyrir þjófnað með því að hafa í félagi sunnudaginn 7. apríl 1996 stolið 54 áfengisflöskum, – 48 187 ml-flöskum og 6 750 ml-flöskum, – við vöruskemmu Flugleiða vestan við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, fjallaði verjandi rækilega um ætlaðar frávísunarástæður, og veitti sækjandi andsvör um það efni, sbr. niðurlagsákvæði 122. gr. l. nr. 19/1991.

Dómarinn telur rannsókn málsins einkum áfátt í eftirtöldum atriðum:

1. Ekki er upplýst með fullri vissu, hvert hefði orðið tjón eiganda ætlaðs þýfis, sbr. 2. mgr. 256. gr. alm. hgl. Vitnið Finnur Eyjólfsson tollfulltrúi giskaði á, að fob-verð þess hefði verið um 100 dollarar eða 6.609 til 6.645 ísl. kr., eftir því, hvort miðað er við kaup- eða sölugengi bandaríkjadals á þessum tíma. Nánar aðspurt kvað vitnið, sem fær í hendur innkaupareikninga slíkra sendinga til Flugleiða við tollafgreiðslu þeirra, þótt varan sé ekki tollskyld, fob-verðið hafa getað verið á bilinu frá 6.000 til 8.000 íslenskar krónur. Munnlegar upplýsingar í símtali, sem hafðar voru í málflutningi eftir starfsmanni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um innkaupsverð á samþarilegu víni, að það sé 8.390 kr., taka ekki af tvímæli, enda ekki öruggt, að um sömu vintegundir sé að ræða, því síður, að kaupverð Flugleiða hf. og ÁTVR á sömu eða hliðstæðum vínun sé öldungis hið sama.

Ekki er upplýst með vissu um verð á umræddum vintegundum í verslun varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, en þar gátu ákærðu sem og aðrir varnarliðsmenn keypt vín, að vísu í takmörkuðu magni mánaðarlega hver einstaklingur, en í klúbbum án takmarkana, en á hærra verði en í versluninni. Verjandi hefur haldið því fram, að vín sé mjög ódýrt í umræddri verslun, og stuðst við þær upplýsingar frá skjólstæðingum sínum, að vín það, er um ræðir í máli þessu, hefði í versluninni kostað um 100 bandaríkjadali. Því er ekki haldið fram, að vín sé svartamarkaðsvara meðal varnarliðsmanna.

Samkvæmt þessu er rannsókn málsins áfátt um tjón af ætluðu broti.

2. Vitnið Hlynur Jóhannsson, starfsmaður Flugleiða hf., verkstjóri í umræddri vöruskemmu félagsins, kvað tvo undirmenn sína hafa verið með sér í verki, er hann tók af flutningavagni póst þann til varnarliðsins, sem um ræðir í máli þessu, og kom honum fyrir í hrúgu til hliðar innan við dyr vörugeymslunnar. Hann kvaðst þess fullviss, að fyrrgreindir vínkassar hefðu ekki verið í umræddum pósti, sem þeir flugleiðastarfsmenn settu í hrúguna.

Rannsóknarnauðsyn bar til að afla vættis umræddra starfsmanna þar um þegar við frumrannsókn.

Af framangreindum sökum verður máli þessu vísað frá dómi.

Það athugast, að dómariinn fellst á það með verjanda, að frá sjónarmiði almennrar skynsemi beri jafnt um sektir og ákærureglur að líta til raunverulegs verðmætis, nema slíkt sé sakborningi í óhag, en að því er sektir varðar, birtist þetta sjónarmið m. a. í ákvæðum laga nr. 75/1982 og nr. 10/1983, þar sem sektarmörkum 126 laga var breytt vegna orðinnar og fyrirsjáanlegrar verðrýrnunar krónunnar, svo að sérstök sektarmörk þeirra voru felld niður. Var því verki haldið áfram með lögum nr. 116/1990. Virðist framangreint sjónarmið koma glöggt fram í áður tilvitnuðum ummælum í greinargerð með fyrstnefndum lögum. Því er sérstök ástæða til að skýra ákærureglu 2. mgr. 256. gr. alm. hgl. sakborningum í máli þessu í hag, enda fram komið, að tjón af ætluðu broti þeirra lá mjög nærri margnefndu 7000 króna marki 2. mgr. 256. gr. alm. hgl.

Er þá jafnframt tekið tillit til þess við mat á því, hvort almannahagsmunir hafi krafist ákæru í máli þessu, að sækjandi í málinu, Sævar Lýðsson, sem gegnt hefur starfi fulltrúa lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli frá 1. mars 1974 og m. a. fjallað þar um flestar þjófnaðarkærur, lýsti því að gefnu tilefni við munnlegan málflutning, að hann minntist þess ekki, að á þessu 22 ára tímabili hefðu varnarliðsmenn verið kærðir fyrir að stela frá Íslendingum.

Ákærðu gegndu póststarfi, sem um öll lönd mun talið nokkurt trúnaðarstarf, en þó verður með vísan til þeirra röksemda, sem verjandi hefur fært fram þar um, ekki talið, að refsíþyngjandi trúnaðarábyrgð þeirra að lögum

heimaríkis síns verði án frekari vafninga talin ráða úrslitum að íslenskum lögum.

Ákærðu hafa ekki sætt refsingum að íslenskum lögum, og yfirmaður deildar þeirrar í Bandaríkjaher, þar sem þeir starfa, hefur gefið þeim hin lofsamlegustu siðferðisvottorð.

Með tilliti til fram kominna sönnunargagna í málinu og þar sem það sætir að svo komnu ekki efnisúrlausn, þykir rétt, að ákærðu beri sjálfir kostnað af málsvörn sinni, en annan kostnað beri ríkissjóður óbættan.

Réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., ákveðast 75.000 kr.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Ákærðu, Sesley Gregory Smith og Brian Keith Tiner, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 75.000 krónur. Ríkissjóður beri annan sakarkostnað óbættan.
